

32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ráðstafanir gegn fjárkláðanum.

1865.
13. maí.

Dómsmálastjórnin hefir í dag skrifað stiptamtmaninum yfir Íslandi á þessa leið:

„Í bréfi dags. 24. f. m. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá heilbrigðisástandi fjárins í suðurumdæminu, og tilgreint hvert einstakt tilfelli, er enn hefir borið á fjárkláðanum í haust er leið og í vetur; þér hafið auk annars getið þess, að eins og Borgarfjarðar sýsla nú þegar í langan tíma hefir verið öldungis laus við sjúkdóm þenna, eins megi nú segja, að búið sé því sem næst að útrýma sjúkdómunum í Gullbringu og Kjósar sýslu, að minnsta kosti sé ólíku saman að jafna, hvað ástandið þar sé betra nú en fyrir ári síðan, og að í Árnessýslu, þar sem sýkin hefir gjört vart við sig á einstaka stað, sé sumpart búið að útrýma henni, sumpart sé von um að það takist að uppræta hana alveg með böðum og öðrum hentugum ráðstöfunum. Þér hafið loks skýrt frá, að fyrst svona er ástatt, hafið þér álitid yður skylt að fallast ekki á uppástungu amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um, að skipaður sé nú í sumar fjárvörður við Skorradalavatn eða á öðrum hentugum stað, til þess að stemma stiga fyrir, að sýkin breiðist út, og að þér vegna þessa hafið svarað embættismanni þessum á þá leið, að þér, eins og nú er ástatt, hljótið að álíta óþarft að setja vörð þenna, en að það að öðru leyti sé vitaskuld, að ef ástandið skyldi versna móti von manna, muni verða gjörðar ráðstafanir þær af suðurumdæmisins hálfu, sem þörf er á til að stemma stiga fyrir því, að sýkin breiðist út.

Útaf þessu lætur dómsmálastjórnin yður vita, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar, að eptir skýrslum þeim, sem vör höfum fengið um ástandið, föllumst vör á það sem þér hafið ráðið af í þessu efni, og skal því við bætt, að bréf þetta hefir í dag verið auglýst hinum amtmönnunum á Íslandi.”

Um leið og yður er þetta til vitundar gefið, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar, skal því við bætt, að þar ástandið

1865.
13. maí.

Í suðurumdæminu, eins og stiptamtmaðurinn lýsir því í skýrslu sinni, er allgott, álitur dómsmálastjórnin ekki vera ástæðu til að fyrir skipa, að settur sé þesskonar fjárvörður, sem beðið er um í bænarskrám þeim frá tveim sýslufundum, öðrum í Húnavatns og hinum í Eyjafjarðar sýslu, er hingað hafa borizt með bréfi yðar, dagsettu 20. febrúarmán, þ. á.

1. júní.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að kunngjöra úrskurði stjórnarráðanna á íslenzku.¹

Í þegnlegri bænarskrá fra síðasta alþingi, um að íslenzk tunga sé við höfð í öllum embættisbréfum, er snerta Ísland, er kvartað yfir því, að embættismennirnir á Íslandi stundum birti hlutadeigendum þar bréf og úrskurði stjórnarráðanna á dönsku. Útaf þessu eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir um að sjá um og áminna embættismenn þá og embættishjóna, er heyra undir yður sem amtmann í suðurumdæminu, að gæta þess vandlega, að allir úrskurðir stjórnarráðanna seu á íslenzkri tungu birtir þeim íbúum landsins, er eigi mæla á dönsku.

9. júní.

34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863.

Vér Kristján hinn Níundi, og svo frv., sendum Voru trúa alþingi kveðju guðs og Vora!

Af því, sem gjörzt hefir á alþingi árið 1863, höfum Vér seð með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitazt við að efla Vort gagn og hag landsins.

¹⁾ Sama dag ritadi dómsmálastjórnin hinum amtmönnunum og stipts-
yfírvöldunum bréf sama efnis.